

Ævar Petersen
Gaukur Hjartarson

Vetrarfuglatalningar:
Árangur 1988



Júní 1991

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson (ritstjóri)
Bergþór Jóhannsson
Sveinn P. Jakobsson

Kápumynd: Jón B. Hlíðberg

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	4
1 INNGANGUR	5
2 ÝMIS HAGKVÆM ATRIÐI VIÐ TALNINGAR	5
3 TALNING 1988	6
3.1 Talningasvæði	7
3.2 Veður og sjávarföll	7
3.3 Niðurstöður	7
3.3.1 SUÐURLAND - SUÐVESTURLAND: Apavatn/Laugar- vatn -> Grindavík	8
3.3.2 SUÐVESTURLAND: Hafnir -> Álftanes	10
3.3.3 SUÐVESTURLAND: Álftanes -> Kollafjörður ...	12
3.3.4 SUÐVESTURLAND - MIÐ-NORÐURLAND: Kjalarnes -> Upsaströnd	14
3.3.5 MIÐ-NORÐURLAND - NORÐAUSTURLAND: Dalvík -> Mývatn	16
3.3.6 NORÐAUSTURLAND: Aðaldalur -> Kelduhverfi ..	18
3.3.7 NORÐAUSTURLAND - AUSTURLAND: Bakkaflóí -> Berufjörður	20
3.3.8 AUSTURLAND - SUÐAUSTURLAND: Berufjörður -> Öræfi	22
3.3.9 SUÐURLAND: Eyjafjöll -> Vestmannaeyjar ..	24
3.4 Umræða	26
3.4.1 Almenn umsögn	26
3.4.2 Einstakar tegundir	28
3.4.3 Ógreindir fuglar	35
4 LEIÐRÉTTINGAR VIÐ SKÝRSLU 1987	36
HEIMILDIR	36
ELDRI YFIRLIT OG GREINAR UM JÓLATALNINGAR	37
SUMMARY	38

VETRARFUGLATALNINGAR: ÁRANGUR 1988

Ævar Petersen
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Gaukur Hjartarson
Hjarðarhóli 20
640 Húsavík

ÁGRIP

Niðurstöður vetrarfuglatalninga, svokallaðra "jólatalninga", fyrir árið 1988 eru kynntar. Það var 37. árið sem slík talning fór fram á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Alls var talið á 86 svæðum um land allt, nema á miðhálandinu. Svæðin eru fjórum fleiri en metárið 1987.

Skráðir talningamenn voru 111, eða öllu fleiri en fjöldi svæða. Sumir töldu fleiri en eitt svæði (mismunandi daga), og stundum voru athugendur fleiri en einn um svæði.

Alls sáust 144669 fuglar, sem er fleiri en nokkru sinni fyrr í jólatalningum. Einnig var slegið met í fjölda tegunda, því þær voru alls 71. Æðarfugl var sem áður algengasta tegundin. Alls sáust 48824 æðarfuglar, eða 34% af heildarfjölda talinna fugla. Að þessu sinni voru taldir tvöfalt fleiri snjótittlingar en árið 1987, eða 22739. Ástæðan var mikil snjóalög, þannig að fuglarnir höfðu hópast niður að ströndu eða inn í þéttbýli, þar sem flest talningasvæðin eru.

Núna komu fram óvenju margar tegundir flækingsfugla, sem var megin ástæða þess, að fleiri tegundir sáust nú en nokkru sinni áður. Þó má geta þess, að húsdúfa var talin með núna í fyrsta sinn. Ein tegund hefur aldrei sést áður í jólatalningum, en það er sefhæna.

1 INNGANGUR

Í þessu riti er fjallað um fuglatalningu að vetrarlagi árið 1988, en slíkar talningar eru gjarnan nefndar jólatalningar. Á árunum 1972 til 1978 voru niðurstöður talninga birtar sem fjölritaðir blöðungar, en útgáfa þeirra féll niður. Skýrslan sem núna birtist er önnur í röðinni síðan farið var að gefa talningagögn út að nýju. Fyrsta skýrslan var fyrir árið 1987 (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989). Fyrri yfirlit um jólatalningar sem tekin hafa verið saman og greinar sem fjalla um þær eru taldar upp í lok þessa rits. Þeir sem þess óska geta fengið yfirlit og greinar send.

2 ÝMIS HAGKVÆM ATRIÐI VIÐ TALNINGAR

Við talningu og skráningu talningagagna kemur ýmislegt upp, sem vert er að staldra við og íhuga. Af gefnu tilefni eru talningamenn hvattir til að athuga gaumgæfilega eftirfarandi atriði:

1. Halda skal fyrri svæðaskiptingum, ef þess er frekast kostur. Svæði fær nýtt númer við hverja breytingu, hvort sem það er stytta eða aukið við það. Talningasvæði sem er breytt en er að mestu það sama og fyrr, heldur sínu grunnnúmeri (sömu tölustöfum), en bókstaf er bætt aftan við það. Notkun númera var komið á til þess, að unnt sé að bera saman niðurstöður milli ára betur en ella.
2. Af ofangreindu má ráða, að ekki skal leita fugla uppi eftir því hvar þeir halda sig hverju sinni. Þeir geta haldið sig á mismunandi eftir veðri, snjóalögum og öðrum umhverfispáttum. Telja skal sama svæði og nota svipaðar talningaaðferðir ár eftir ár. Niðurstöður verða ekki sambærilegar, ef ólíkum aðferðum er beitt, eða talningasvæðin eru misstór. Betra er að sleppa talningu en telja svæði aðeins að hluta.
3. Talningamaður sem telur á fleiru en einu svæði verður að halda tölum frá hverju svæði aðskildum og skrá á mismunandi eyðublöð.
4. Athugendur verða að gæta þess, að talningasvæði skarist ekki, þannig að fuglar séu ekki tvítaldir. Þetta á bæði við þegar talningamenn eru að hasla sér ný svæði og telja á svæðum sem hafa verið athuguð áður.
5. Þegar ný talningasvæði eru afmörkuð, er æskilegt að miða við eins greinileg landslagseinkenni og hægt er (árfarveg, þjóðveg, tanga, árós, hamrabelti, o.s.frv.). Þannig ætti enginn vafi að leika á því, hvar svæði byrjar og hvar það endar. Þessi mörk eru síðan höfð til hliðsjónar í framtíðinni, þegar ný talningasvæði eru skilgreind í grenndinni. Æskilegt er að nota örnefni sem finnast á korti til frekari glöggvunar á þeirri leið sem farin er. Einnig er nauðsynlegt, að talningasvæði séu samfelld, þ.e. að ekki sé talið hér og þar en stór svæði skilin eftir ókönnuð þess á milli.
6. Þegar nýtt svæði er afmarkað, verða talningamenn að hafa í huga, hvernig svæðin til beggja handa henti sem talningasvæði, þótt þau verði e.t.v. ekki talin fyrr en síðar. Rétt er að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun, áður en nýjum

talningasvæðum er bætt við. Mörg svæði eru skilgreind (og hafa númer) frá fyrri tíð, þótt þau hafi ekki verið athuguð mörg seinustu ár. Mikilvægt er að halda sömu skiptingu og áður, þegar svæði eru talin á ný eftir nokkurt hlé, ef þess er nokkur kostur.

7. Talning fer fram meðan birta endist. Birtutími er stuttur um jólaleytið, aðeins 4-5 tímar. Veðurlag hefur mikil áhrif á talningaskilyrði, eins og reyndir talningamenn vita. Æskilegast er, að talningasvæði séu það stór, að sem næst allan birtutímann þurfi til þess að athuga svæðið. Af hagkvæmnisástæðum eru svæði stundum minni en þessu nemur, t.d. þar sem þannig háttar til í landslagi.

8. Til að forðast allan misskilning, skulu talningamenn ætíð tilgreina á eyðublöðunum um hvaða svæði þeir fóru. Allar breytingar á talningasvæðum verður að skrá vandlega.

9. Upplýsingum frá mismunandi dögum skal aldrei steypa saman til þess eins að auka fjölda tegunda.

10. Ef veður eða ófærð er óhagstætt, er æskilegt að fresta talningu til næsta hentuga dags.

11. Talningamenn meti hversu langt talningasvæði þeirra er í kílómetrum.

12. Talningamenn eru hvattir til þess, að kyn- og aldursgreina sem flesta fugla og skrá á eyðublöðin.

13. Stundum eru athuganir frá öðrum árstímum skráðar á talningaeyðublöðin. Að sjálfsögðu eru upplýsingar um sjaldséða fugla ætíð vel þegar. Það á ekki síður við um íslenska fugla, s.s. breytingar sem orðið hafa á fuglalífi, komu- og fartíma fugla, nýjar varptegundir, staðsetningu á fálka- og smyrilshreiðrum o.s.frv. Athugendur eru beðnir að færa slíkar athuganir á sér blöð eða á fuglaspjöldin, sem hafa verið prentuð sérstaklega í þessu skyni.

14. Ætíð koma einhver vafaatriði upp við úrvinnslu á talningagögnum. Stundum gefa teljarar ekki fjölda fugla í tölustöfum, heldur lýsa þeim í orðum. Slíkt er afar óheppilegt, og þannig upplýsingum verður að sleppa. Talningamenn eru hvattir til að skrá fjölda ætíð í tölustöfum. Þá er fjöldi fugla einnig stundum metinn með ákveðnum óvissumörkum. Slík mörk er ómögulegt að setja í töflur. Ef talningamaður skráir t.d. 100-200, notum við 150 við úrvinnslu.

3 TALNING 1988

Dagurinn 26. desember, annar í jólum, var valinn til jólatalningar að þessu sinni. Talning fór alls staðar fram þann dag, nema annað sé tekið fram. Óvenju mikið var um það, að talið var aðra daga að þessu sinni, eða á fjórðungi svæðanna. Ástæður þessa voru helstar (1) óhagstætt veðurlag 26. desember, (2) athugendur höfðu ekki tök á telja þann dag eða (3) athugendur töldu einnig aðra daga en annan í jólum.

3.1 Talningasvæði

Talið var á 86 svæðum um allt land. Þetta var fjórum svæðum fleiri en metárið 1987 (sbr. Ævar Petersen & Gauk Hjartarson 1989). Tvö svæðanna höfðu aldrei verið talin áður, þ.e. svæði 126A við Brekku í Seyluhreppi í Skagafirði og svæði 314 við Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð í N-Múlasýslu. Ýmsar breytingar urðu á sumum öðrum svæðum, þau voru minnkuð, stækkuð eða þeim skipt upp á annan hátt en áður. Þau fengu því ný einkennisnúmer.

Skráðir talningamenn voru 111, eða um þriðjungi fleiri en svæðin. Oft höfðu athugendur með sér einn eða fleiri aðstoðarmenn. Sumir teljarar tóku einnig fyrir fleiri en eitt svæði og töldu því einnig aðra daga en 26. desember. Að þessu sinni taldi Hannes P. Hafsteinsson flest svæði, alls fimm. Hann var enn fremur til aðstoðar á sjötta svæðinu.

3.2 Veður og sjávarföll

Suðvestanlands var hæg norðaustanátt í fyrstu. Síðar lægði, en víðast hafði lygnt upp úr hádegi. Hiti var 0°-5°C. Seinni hluta dags kulaði af suðaustri og kólnaði. Þungskýjað var um morguninn en birti til þegar leið á daginn. Regnskúra varð vart víða.

Á vestanverðu Norðurlandi var norðan- eða norðaustanátt og skafrenningur. Á mið- og austurluta Norðurlands var gott veður, hæg austlæg átt og hiti rétt undir frostmarki. Skyggni var ágætt við sjávarsíðuna en lakara inn til landsins. Á talningasvæðum á Austurlandi var suðaustanátt og skúrir eða slydduél með köflum. Hiti þar var rétt yfir frostmarki. Undir Eyjafjöllum var talið í hvassri austanátt og rigningu.


Snjór var á jörð um allt land. Á austanverðu Norðurlandi og Austurlandi spillti snjór færð um talningasvæðin. Töluvert brim var allt umhverfis land, enda stórviðri nýgengið niður.

Samkvæmt almanaki var birting í Reykjavík kl. 10.05 á talningadaginn 26. desember en myrkur kl. 16.53. Árdegisflóð var í Reykjavík kl. 08.19 en síðdegisflóð kl. 20.42. Á suðvesturhorni landsins var því fjara meðan á talningu stóð. Staða sjávarfalla breytist eftir landshlutum, og um sex klukkustunda munur á sjávarföllum í Vopnafirði og Reykjavík. Munur á birtutíma er einnig nokkur, þó miklu minni, en hann lengist lítið eitt eftir því sem norðar dregur.

3.3 Niðurstöður

Niðurstöður talninga á einstökum svæðum eru birtar í nýu töflum hér á eftir. Fjöldi fugla af hverri tegund er getið fyrir sérhvert svæði og einnig heildarfjöldi séðra fugla og tegunda. Talningamanna er getið, svo og dagsetningu, ef talið var annan dag en 26. desember. Niðurstöður fyrir öll talningasvæðin eru síðan dregnar saman í töflu 10 (bls. 27).

3.3.1 SUÐURLAND - SUÐVESTURLAND: Apavatn/Laugarvatn -> Grindavík




- 042--- APAVATN OG LAUGARVATN. Ingólfur Guðnason. Talið 27.12.
- 001--- STOKKSEYRI. Jón B. Hlíðberg og Einar Ó. Þorleifsson.
- 002A-- EYRARBAKKI. Jón B. Hlíðberg og Einar Ó. Þorleifsson.
- 055--- SELFOSS. Örn Óskarsson.
- 045A-- ÞORLÁKSHÖFN. Jón B. Hlíðberg og Einar Ó. Þorleifsson.
- 043A-- ÖLFUSFORIR. Einar Ó. Þorleifsson, Hannes Þ. Hafsteinsson og Jóhann Ó. Hilmarsson. Talið 5.1.1989.
- 018--- HVERAGERDI. Hannes Þ. Hafsteinsson. Talið 2.1.1989.
- 005--- GRINDAVÍK AUSTUR. Björn Guðbrandsson og Jón S. Ólafsson.
- 006--- GRINDAVÍK VESTUR. Kjartan G. Magnússon. Talið 27.12.

Tafla 1. SUÐURLAND - SUÐVESTURLAND: Apavatn/Laugarvatn -> Grindavík

Svæði	042	001	002A	055	045A	043A	018	005	006
Lómur									1
Himbrimi		3	3					1	1
Dílaskarfur		28	16	1	6			49	57
Toppskarfur		3						26	8
Ógr. skarfar		1	8						
Gráhegri						7			
Álft		31				24			29
Grágæs		9							1
Stokkönd	8	457	260	75	4	184		6	71
Urtönd		1				239			12
Brúnönd						1			
Rauðhöfðaönd		2							38
Hávella		22	25		25			60	44
Straumönd								106	115
Æður		255	554		308			1788	480
Gulönd	18	18		7		5			
Toppönd		21	12	3				7	42
Fálki		2		1		1		1	
Smyrill			1				1		2
Grálóa			1						
Stelkur			6		1			2	48
Tildra		12	41		1			4	65
Hrossagaukur			1			6	2		
Sendlingur		231	283		120			29	460
Silfurmáfur		2	83		3			45	75
Svartbakur		61	102	25	18	6		63	210
Hvítmáfur		168	673		16			21	165
Ejartmáfur		8	350		3			4	4
Hettumáfur			2		3				
Ógr. máfar						6		249	
Teista			1		50			9	7
Ógr. svartfugl			1						
Músarrindill						2	8	2	1
Svartpröstur		1		4			5		1
Grápröstur				1			2		1
Skógarpröstur			2	35		1	20		1
Snjótittlingur	41	359	500	500	200	450	1120	101	800
Auðnutittlingur	1		2	2		8	45		
Stari				125	3		25	1	10
Hrafn	5	18	6	35		9	3	3	1
Alls	73	1713	2933	814	761	949	1231	2577	2750
Fjöldi tegunda	5	22	23	13	15	14	10	21	29


3.3.2 SUÐVESTURLAND: Hafnir -> Álftanes



- 007--- HAFNIR - KALMANSTJÖRN. Ævar Petersen.
- 008A-- ÓSAR SUÐUR. Erling Ólafsson. Talið 27.12.
- 009--- STAFNES - SANDGERDI. Þorsteinn Einarsson.
- 010--- SANDGERDI - GERDAR. Ólafur Einarsson.
- 012--- KEFLAVÍK - INNRI-NJARDVÍK. Gunnlaugur Þránínsson.
- 013--- VATNSLEYSUSTRÖND: Vogastapi - Kálfatjörn. Aðalsteinn Snæþórsson.
- 039--- VATNSLEYSUSTRÖND: Kálfatjörn - Kúagerði. Ólafur Einarsson.
Talið 27.12.
- 037--- KÚAGERÐI - STRAUMUR. Hlynur Óskarsson. Talið 27.12.
- 014--- STRAUMUR - HVALEYRI. Sigurður Helgason.
- 057--- GARDAR Í HAFNARFIRDI. Hannes Þ. Hafsteinsson. Talið 25.12.
- 015A-- HAFNARFJÖRDUR - ÁLFTANES. Jóhann Ó. Hilmarsson, Helgi Guðmundsson og Jón H. Sigurbjörnsson.

Tafla 2. SUDVESTURLAND: Hafnir -> Álftanes											
Svæði	007	008A	009	010	012	013	039	037	014	057	015A
Lómur	2	1	2				2	2	2		
Himbrimi	6	1			3		3	2	2		
Flórgoði		3									
Ógr. brúsar				1			3				
Dílaskarfur	15	23	3	35	44	44	26	14	4		93
Toppskarfur	23	30	160	47	4				28		1
Ógr. skarfar	5			24			5		20		
Gráhegri			2			1			1		
Álft		17	26	35		56	5		19		43
Grágæs									15		
Stokkönd	6	60	36	235	161	297	109	12	65		430
Urtönd						65					3
Rauðhöfðaönd	4	50	7	2	52	152	6		28		20
Skutulönd		1									
Skúfönd		3									
Duggönd		77									
Hvinönd		1									
Húsönd			7								
Hávella		200	11	60	13	32	3	22	4		39
Straumönd	98	81	15								
Æður	1100	420	5210	873	1225	699	396	460	600		2508
Æðarkóngur					1						
Gulönd		1									
Toppönd	15	26	2	50	24	8	26	2	5		3
Fálki	1				1	1	1		2		2
Bleshæna											1
Tjaldur		9	16	4	3	11	5		15		121
Fjöruspói		1	9								
Lappajaðrakan			2			1					1
Stelkur	3	20	11	13	30	25	10	6	48		55
Tildra		32	700	73	59	13	37		110		186
Hrossagaukur									1		
Rauðbrystingur									8		28
Sendlingur		300	1500	176	307	89	4	12	180		2130
Ógr. vaðfugl			1								
Stormmáfur			3								
Silfurmáfur	28	20	30	14	9	4	6		3		18
Svarfbakur	148	40	250	374	1240	142	135	14	80		319
Hvítmáfur	109	16	10	254	820	83	193	22	300		532
Bjartmáfur	1		50	5	67				6		37
Hettumáfur			3	1	10				1	4	1
Rita	1				9						
Ógr. máfar			1	62			40		200		
Haftyrðill	1				2						
Álka	1				22		21	33			
Langvía			1								
Teista	12	7	2		26	8	5	2	3		3
Húsdúfa											17
Silkitoppa										8	
Músarrindill		3	2	3	1	15	5	2	1		3
Svartpröstur		3		2		1			1		1
Grápröstur		1				3					2
Skógarpröstur			5			3			3		26
Snjótittlingur	163	100	500	935	455	314	62	5	90	114	846
Auðnutittlingur				1						13	
Stari			42	91	31	22	2	1	13	98	49
Hrafn	2		5	1	2	2		1	7	3	3
Alls	1744	1547	8624	3371	4621	2091	1110	612	1865	268	7493
Fjöldi tegunda	21	30	31	23	27	26	22	17	31	8	29

3.3.3 SUÐVESTURLAND: Álftanes -> Kollafjörður



016B-- ÁLFTANES. Arnar Helgason.

053A-- KÓPAVOGUR. Árni Waag Hjálmarsson.

053B-- REYKJAVÍK: Skógræktin í Fossvogi. Hannes Þ. Hafsteinsson.
Talið 27.12.

019--- SELTJARNARNES. Ólafur K. Nielsen.

017A-- REYKJAVÍKURTJÖRN. Ólafur K. Nielsen.

040C-- VÖTN Í NÁGRENNI REYKJAVÍKUR. Finnur L. Jóhannsson. [Svæðið var stækkað, Hólmsá og tjörnum við Silungapoll bætt við. Talið í fyrsta sinn í núverandi mynd].

020--- REYKJAVÍK: Grandi - Grafarvogur. Skúli Gunnarsson.

021--- REYKJAVÍK: Grafarvogur - Geldinganes. Hannes Þ. Hafsteinsson.


022A-- MOSFELLSBÆR. Hannes Þ. Hafsteinsson. Talið 27.12.

052--- KOLLAFJÖRDUR. Þorvaldur Björnsson.

Tafla 3. SUÐVESTURLAND: Álftanes -> Kollafjörður

Svæði	016B	053A	053B	019	017A	040C	020	021	022A	052
Lómur				2						1
Himbrimi		1						1	1	
Ógr. brúsar								1	1	
Flórgoði	1									
Dílaskarfur	151	10		57			18	64	14	6
Toppskarfur				40			4	2	1	2
Ógr. skarfar				20						
Álft	6	28		40	103	7				
Grágæs	26	5			330			9		
Blesgæs					3					
Stokkönd	163	370		444	150	6	154	25	98	73
Urtönd	3	50						2	6	
Rauðhöfðaönd	47	203						13	2	
Gargönd	1				1					
Skúfönd				70	3					
Hvinönd		3								
Húsönd		3		3						
Hávella	128	99		96				7	10	112
Straumönd										18
Æður	852	1200		2434	1		876	695	645	800
Gulönd							7			5
Toppönd	11	8		8			1	15	7	14
Fálki		1						1	1	1
Smyrill			1	1				1		
Rjúpa										9
Keldusvín			1							
Tjaldur	62	138		150			86	28	4	47
Heiðlóa		1								
Stelkur	8	30		5			64	5	2	2
Tildra	40	131		94			11	10	16	23
Hrossagaukur			1					3	4	2
Sendlingur	390	271		346			248	36	38	68
Stormmáfur	1							2	1	2
Silfurmáfur		1					8	3	1	
Svartbakur	69	27	1	170		2	100	1750	225	55
Hvítmáfur	992	150		1314			660	850	108	71
Bjartmáfur				7			98	28		
Hettumáfur	24	38		127			22	285	2	
Rita									1	
Haftyrðill	1									
Álka				216				1		
Teista	3	4		7			3	13	1	6
Húsdúfa					50					
Músarrindill			2	2				4	2	6
Svarþpröstur			1							
Grápröstur								1		
Skógarpröstur		4	82	1				2	14	1
Snjótittlingur	50	400	425	564		283	525	1080	455	46
Auðnutittlingur		2	8					8	1	4
Stari	35	10	96	9		1	26	520	15	
Hrafn	3		2			3	4	95	8	19
Alls	3067	3188	620	6227	641	302	2915	5560	1684	1393
Fjöldi tegunda	24	27	11	25	8	6	19	32	28	25

3.3.4 SUBVESTURLAND - MID-NORÐURLAND: Kjalarnes -> Upsaströnd




- 038A-- KJALARNES. Björn Hjaltason og Sigurður Hólmsteinsson.
- 025--- HVALFJÖRDUR. Karl Skírnisson. Talið 27.12.
- 104--- FLATEY Á BREIDAFIRDI. Hafsteinn Guðmundsson. Talið 8.1.1989.
- 109--- SVANSHÓLL Í BJARNARFIRDI. Ólafur Ingimundarson.
- 123--- STEINGRÍMSFJÖRDUR. Jón H. Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir. Talið 27.12.
- 124--- BLÖNDUÓS. Kristinn Pálsson.
- 126A-- BREKKA VIÐ VARMAHLÍÐ. Magnús I. Óskarsson. Talið 1.1.1989. [Talið nú í fyrsta sinn].
- 201--- SIGLUFJÖRDUR: Öldubrjótur - Máná. Trausti Magnússon. Talið 27.12.
- 237--- SIGLUFJÖRDUR: Öldubrjótur - Selvíkurnef. Örlygur Kristfinnsson. Talið 27.12.
- 233A-- ÓLAFSFJÖRDUR. Elmar Víglundsson og Sigurlaug Elmarsdóttir.
- 238--- UPSASTRÖND. Haraldur Guðmundsson.

Tafla 4. SUDVESTURLAND - MID-NORDURLAND: Kjalarnes -> Upsaströnd

Svæði	038A	025	104	109	123	124	126A	201	237	233A	238
Lómur	2										
Himbrimi		1									
Fýll								50			
Dilaskarfur	51	7	6		29			2	6		2
Toppskarfur	21	102	30		1						3
Ógr. skarfar	63										
Stokkönd	133	33	175		78	12			90	28	12
Rauðhöfðaönd			4								
Hávella	121	150	8		222	9		74	635	114	96
Straumönd	97	57	12					23	10		16
Æður	1480	732	293		546	115		1120	535	129	49
Gulönd		1									1
Toppönd	57	28			37			2	9		2
Fálki		1	1		1				1		1
Rjúpa					3						9
Tjaldur		61	7								
Stelkur	3		1								
Tildra	63	7	6								
Sendlingur	49	80	85		21				5		7
Silfurmáfur	12	2							650	172	
Svartbakur	64	45	20		12	4		10	150	97	8
Hvítmáfur	391	139	22		22			20	10		3
Bjartmáfur			6		2	11			70		
Rita						1				14	
Ógr. máfar					7						
Álka	22										3
Teista	8	1	15		36				2	13	4
Brandugla							3				
Músarrindill	1		1								
Glóbrystingur									1		
Svartþröstur									1		1
Gráþröstur									1	3	
Skógarþröstur			1			1			1		3
Snjótittlingur	285	66	110	15	13	390	37	33	300	500	11
Auðnutittlingur							3				
Hrafn	5	6	4	2	6	2	3	2	3		7
Alls	2928	1519	807	17	1036	545	46	1336	2480	1070	238
Fjöldi tegunda	19	19	20	2	15	9	4	10	19	9	19

3.3.5 MID-NORÐURLAND - NORÐAUSTURLAND: Dalvík -> Mývatn




- 202--- DALVÍK. Steingrímur Þorsteinsson.
- 230--- TJÖRN Í SVARFADARDAL. Kristján E. Hjartarson.
- 206A-- AKUREYRI: Krossanesbryggja - Skjaldarvíkurheimili. Árni B. Árnason.
- 207--- AKUREYRI: Krossanesbryggja - Glerárós. Þorsteinn Þorsteinsson.
- 208F-- AKUREYRI: Glerárós - flugvöllur. Jón Magnússon og Guðmundur Brynjarsson. [Talið í fyrsta sinn í þessari mynd, en 208A og 208B mynda saman 208F].
- 209--- KAUPANGSSVEIT. Þorsteinn Ingólfsson.
- 213--- HALLGILSSTADIR Í FNJÓSKADAL. Tryggvi Stefánsson.
- 215--- YTRA-FJALL Í ADALDAL. Indriði Ketilsson.
- 239A-- LAUGABÓL Í REYKJADAL. Dagur, Sveinn og Hjörtur Tryggvasynir.
- 220--- MÝVATN AUSTUR. Illugi Jónsson og Sturla Fanndal.

Tafla 5. MID-NORÐURLAND - NORÐAUSTURLAND: Dalvík -> Mývatn

Svæði	202	230	206A	207	208F	209	213	215	239A	220
Dílaskarfur			1	4						
Álft								1		79
Stokkönd	25	4	130	108	149		3		81	85
Skúfönd										1
Duggönd										1
Húsönd									2	45
Hávella	50		95	55	51	5				
Straumönd									1	
Æður	80		625	830	110					
Gulönd			4	1	9	2				32
Toppönd			2							
Fálki					2		1			1
Smyrill										1
Rjúpa		12		4			14		8	1
Bleshæna										1
Hrossagaukur										2
Skógarsnípa										3
Sendlingur	40									
Silfurmáfur	35		100	220	49	3				
Svartbakur	12		250	315	32	5				
Hvítmáfur	20		50	110		6				
Bjartmáfur			25	90	27					
Hettumáfur			60	60	72					
Rita			40							
Ógr. máfar	15			450	90	3				
Stuttnefja			1		2					
Teista			25	35	11					
Húsdúfa					3					
Brandugla										1
Músarrindill										7
Grápröstur	1	1			3					1
Skógarþröstur					1					
Snjótittlingur	150	63	15	750	770	650	150	1	171	188
Auðnutittlingur		12			4		6		7	23
Hrafn	4		8	35	14	3	2	2	25	5
Alls	432	92	1431	3067	1399	677	176	4	312	461
Fjöldi tegunda	10	5	16	14	17	7	6	3	15	11

3.3.6 NORÐAUSTURLAND: Aðaldalur -> Kelduhverfi



221B-- SÍLALÆKUR Í ADALDAL. Vilhjálmur Jónasson. Talið 27.12.

232A-- HÚSAVÍK SUDUR. Brynjúlfur Brynjólfsson.

232B-- HÚSAVÍKURBÆR. Sigurður Gunnarsson og Jónas G. Jónsson.

223--- HÚSAVÍK NORDUR. Örn Jensson.

226--- TJÖRNES: Reyðará - Reká. Jónbjörn Pálsson.

224--- TJÖRNES: Reká - Hólssker. Birkir Bárðarson.

234--- TJÖRNES: Hólssker - Máfhöfði. Heimir Eiríksson.

235A-- TJÖRNES: Máfhöfði - Skeiðsöxl. Gaukur Hjartarson og Gunnar Jóhannesson. [Svæði 235 var minnkað vegna fjölda fugla og tegunda. Þetta svæði og 235B mynda saman svæðið 235].


235B-- TJÖRNES: Skeiðsöxl - Lón. Hermann Bárðarson. [Þetta svæði og 235A mynda svæðið 235].

241--- LÓN Í KELDUHVERFI. Hermann Bárðarson.

Tafla 6. NORDAUSTURLAND: Aðaldalur -> Kelduhverfi

Svæði	221B	232A	232B	223	226	224	234	235A	235B	241
Himbrimi								1		
Fýll						1	354	200	500	
Súla	1									
Dílaskarfur		14			7	11	30	1		
Stokkönd		56	522	31	14	5	50	20		11
Hvinönd										2
Húsönd										19
Hávella	650	452	185	311	245	132	227	90	6	185
Straumönd		29	4	7	42	77	251	50		
Æður	8	1338	320	1270	1146	980	3750	2250	85	60
Gulönd	3				4			2		13
Toppönd		3	2	2			3	9		9
Fálki	2	1		2			1	1		1
Rjúpa									1	
Grálóa			1							
Sendlingur		12	125	255	235	14	115	75		2
Ísmáfur	2									
Stormmáfur	1									
Silfurmáfur		3	12	18			14	3		
Svartbakur	47	10	9	126	3	3		9	3	2
Hvítmáfur	1	10	1	60			4	3		
Bjartmáfur	26		90	85	3		3	3		
Hettumáfur			9							
Rita			4							
Haftyrðill				1						
Langvía			1							
Teista	2	10	7	42	6	1	48	25		
Ógr. svartfuglar		1	2						1	
Silkitoppa			1							
Músarrindill			2		1	1		2		
Svartpröstur			2							
Grápröstur			16							1
Skógarpröstur			5							
Snjótittlingur	60	15	2200	15	24	4	130	80		20
Bókfinka			1							
Auðnutittlingur		1	5				1			3
Hrafn		2	5	1					2	
Alls	803	1957	3531	2226	1730	1229	4981	2824	598	328
Fjöldi tegunda	12	15	24	15	12	11	15	18	6	13

3.3.7 NORDAUSTURLAND - AUSTURLAND: Bakkafloi -> Berufjörður




- 302--- ÞORVALDSSTADIR VESTUR. Þórarinn Haraldsson.
- 303--- ÞORVALDSSTADIR AUSTUR. Auðunn Haraldsson.
- 314--- HRAFNABJÖRG Í JÖKULSÁRHLÍÐ. Halldór W. Stefánsson. [Talið í fyrsta sinn].
- 307--- EGILSSTADIR OG NÁGRENNI. Þórhallur Borgarsson.
- 304F-- SEYDISFJÖRDUR. Valgeir Sigurðsson og Guðjón Sæmundsson.
- 309C-- REYDARFJÖRDUR. Páll Leifsson. [Talið í fyrsta sinn í núverandi mynd].
- 309D-- ESKIFJÖRDUR. Páll Leifsson. [Talið í fyrsta sinn í núverandi mynd].
- 309E-- REYDARFJÖRDUR. Páll Leifsson. [Talið í fyrsta sinn í núverandi mynd].
- 313--- BERUFJÖRDUR: Berufjarðaráróf - Glímueyri. Sigurður Ægisson. Talið 29.12.
- 310--- BERUFJÖRDUR: Eyfreyjunestangi - Sandbrekkutangi. Eyjólfur Guðjónsson.

Tafla 7. NORDAUSTURLAND - AUSTURLAND: Bakkaflóa -> Berufjörður

Svæði	302	303	314	307	304F	309C	309D	309E	313	310
Lómur							1			
Himbrimi							2		2	3
Fýll		10					140		500	185
Dílaskarfur		6				15	126	7	25	27
Stökkönd	66				53	130		62	171	22
Rauðhöfðaönd								10		
Hávella	210	57			54	110	49	34	500	70
Straumönd	9	48								92
Æður	854	686			11	1115	328	109	400	426
Gulönd						1		4		
Toppönd	4	7				1	1		16	26
Fálki								2		
Rjúpa			14							
Sendlingur	260	26				243			6	
Silfurmáfur	2	2			700	8217	34	270	3	16
Svarbakur	7	6			250	2390	91	620	480	5
Hettumáfur						132		44		
Ógr. máfar									44	
Haftyrðill										1
Stuttnefja										2
Langvía										3
Teista	2	10					1		22	9
Ógr. svartfuglar							4			
Músarrindill		1				2				
Svartþröstur		1	1			1				
Gráþröstur						1		1		
Snjótittlingur	30	65	74	446	350	315		1317	50	213
Auðnutittlingur			3							
Hrafn	2	4	44	8		143	1	4		3
Alls	1446	929	136	454	1418	12816	778	2484	2219	1103
Fjöldi tegunda	11	14	5	2	6	15	11	13	12	16

3.3.8 AUSTURLAND - SUDAUSTURLAND: Berufjörður -> Öræfi




- 317--- BERUFJÖRDUR: Sandbrekkutangi - Háuklettur við Innri-Gleðivík. Eyjólfur Guðjónsson. [Talið í fyrsta sinn 1987, en niðurstöður bárust of seint fyrir skýrslu þess árs].
- 311--- DJÚPIVOGUR. Sigurður Ægisson. Talið 30.12.
- 312--- HAMARSFJÖRDUR NORDUR. Eyjólfur Guðjónsson. Talið 27.12.
- 401I-- HÖFN Í HORNAFIRDI. Benedikt Þorsteinsson og Elínborg Pálsdóttir. Talið 28.12.
- 401B-- HÖFN Í HORNAFIRDI. Benedikt Þorsteinsson og Elínborg Pálsdóttir. Talið 28.12.
- 401C-- HÖFN Í HORNAFIRDI. Benedikt Þorsteinsson og Elínborg Pálsdóttir. Talið 28.12.
- 401D-- HÖFN Í HORNAFIRDI. Benedikt Þorsteinsson og Elínborg Pálsdóttir. Talið 28.12.
- 402C-- KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Hálfán Björnsson. Talið 27.12.
- 402A-- KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Hálfán Björnsson. Talið 28.12.
- 402D-- KVÍSKER Í ÖRÆFUM. Sigurður Björnsson. Talið 27.12.
- 409B-- SKAFTAFELL Í ÖRÆFUM. Jakob Guðlaugsson og Jakob V. Sigurðsson. Talið 28.12.

Tafla 8. AUSTURLAND - SUDAUSTURLAND: Berufjörður -> Örafi

Svæði	317	311	312	401I	401B	401C	401D	402C	402A	402D	409B
Lómur								1			
Himbrimi	3		1								
Fýll	80	7	36						360	2	
Dílaskarfur	18		17		46						1
Gráhegri											1
Stökkönd	22		97			58		6			48
Hávella	58		341		64						
Straumönd	36										
Æður	239		597		1209		220	3			
Gulönd			2								
Toppönd	9		23								
Fálki									1		
Smyrill											1
Rjúpa									75	2	12
Sefhæna				1							
Tjaldur			8		152						
Fjöruspói						4					
Lappajaðrakan					1						
Stelkur			1								
Tildra					5			1			
Sendlingur					110			1			
Silfurmáfur	13		6			2	23				
Svarbakur	4		4			344		400			
Hvítmáfur								50			
Hettumáfur						1					
Ógr. máfar					28						
Langvía	3										
Teista	3		4								
Músarrindill		2									
Svartþröstur				4						1	2
Gráþröstur				1							1
Skógarþröstur				4							
Snjótittlingur			37	100		135		12			46
Fjallafinka				1							
Auðnutittlingur								1			250
Stari				25							
Hrafn	1	2	2			46			2		1
Alls	489	11	1176	136	1615	590	243	462	451	5	363
Fjöldi tegunda	13	3	15	7	7	7	2	7	6	3	10

3.3.9 SUÐURLAND: Eyjafjöll -> Vestmannaeyjar



405--- SKÓGAR UNDIR EYJAFJÖLLUM. Jón Einarsson.

406M-- HEIMAEY MID. Friðrik Jesson, Kristján Egilsson og Ingi T. Björnsson.

406A-- HEIMAEY AUSTUR. Svavar Steingrímsson.

406S-- HEIMAEY: STAKKABÓT. Hávarður B. Sigurðsson.

Tafla 9. SUDURLAND: Eyjafjöll -> Vestmannaeyjar

Svæði	405	406M	406A	406S
Fýll	15	250	250	1
Súla			2	
Dílaskarfur		34	1	
Toppskarfur			1	
Hávella		9		
Straumönd		2		
Æður		350	14	33
Fálki				1
Tildra		10		30
Sendlingur		15		90
Silfurmafur		25	6	29
Svartbakur	2	83	30	16
Hvítmafur		5	2	24
Bjartmafur		2	4	
Hettumafur		2	2	
Rita		2		
Teista		8	3	14
Silkitoppa	1			
Músarrindill	2			1
Svartþröstur	1	1		
Skógarþröstur	40	3	3	3
Snjótittlingur	30	450	280	90
Auðnutittlingur	20			
Hrafn	26	1		2
Alls	137	1252	598	334
Fjöldi tegunda	9	18	13	13

3.4 Umræða

3.4.1 Almenn umsögn

Alls voru taldir 144669 fuglar. Aldrei fyrr hafa sést jafnmargir fuglar í einni jólatalningu. Af þessum fjölda voru 66320 (46% af heildarfjölda) andfuglar af 19 tegundum, 12279 (8%) vaðfuglar af 11 tegundum, 34367 (24%) máfar af 8 tegundum og 25547 (18%) spörfuglar af 12 tegundum. Aðrir fuglar voru 6156 (4%) af 21 tegund. Hlutföll á milli hópa voru svipuð og 1987 nema hlutur spörfugla jókst um 7% á kostnað andfugla (sem féll niður um 1%), vaðfugla (1%), máfa (2%) og annarra fugla (3%).

Eins og í fyrri talningum var æðarfugl algengasta fuglategundin. Taldir voru 48824 æðarfuglar, en það var um 34% allra séðra fugla, 2% fleiri en 1987. Öhemju mikið sást af snjótittlingum um allt land að þessu sinni. Ástæðan var mikill snjór í landinu, svo fuglarnir höfðu hópast niður að ströndu og inn í þéttbýli, þar sem flest talningasvæðin eru. Þeir töldust 22739 (16%), sem er tvöfalt fleiri en 1987. Aðrar algengustu tegundir voru svartbakur (11594, 8%) og silfur máfur (10994, 8%). Alls 86% talinna fugla voru aðeins af átta algengustu tegundunum (en það var 14% þeirra tegunda sem sáust). Í töflu 10 er annars að finna heildarfjölda fugla af hverri tegund.

Flestir fuglar á einu svæði voru í Eskifirði (309C). Þar sáust 12816 fuglar, sem er um 9% talinna fugla. Að meðaltali sáust 1682 fuglar á svæði, sem er svipaður fjöldi og 1987 (1662).

Fjöldi fugla var ekki aðeins meiri en áður, heldur hafa aldrei sést jafnmargar tegundir í einni talningu, eða alls 71, fjórum tegundum fleiri en 1987. Það ár var samt metár. Flestar tegundir á einu svæði fundust á svæðinu Grafarvogur - Geldinganes (021) í Reykjavík, en þar sáust 32 tegundir. Á þremur öðrum svæðum suðvestanlands varð vart við 30 eða 31 tegund. Meðalfjöldi tegunda á svæði var um 15.

Snjótittlingur er sú tegund sem sást á flestum talningasvæðum, eða 77 (90% svæðanna). Svartbakar sáust á næstflestum talningastöðvum, en þeir sáust á 65 (76%) svæðum.

Eins og áður sagði sáust fleiri fuglategundir en nokkru sinni í þessum vetrar-fuglatalningum frá upphafi. Nú sáust enn fleiri tegundir flækingsfugla en í talningunni 1987, og er það megin ástæðan fyrir auknum fjölda tegunda. Vindar blésu úr þeim áttum, að fjöldi flækingsfugla barst til landsins um haustið. Reyndar varð vart við fleiri tegundir af flækingsfuglum árið 1988 en nokkru sinni fyrr síðan 1979, en það ár var byrjað að gefa út ársskýrslur um flækingsfugla í landinu (Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1991). Líkt og í talningu 1987 má skýra tegundafjöldann með hlýindum fyrri hluta vetrar, sem líklega hefur gert flækingsspörfuglum kleift að lifa af fram undir áramót.

Í talningunni sáust fæstir einstaklingar af eftirtöldum tegundum: blesgæs, brúnönd, skutulönd, æðarkóngur, keldusvín, bleshæna, sefhæna, grálóa, heiðlóa, lappajaðrakán, skógarsnípa, ísmáfur, silkitoppa, glóbrýstingur, bókfinka og fjallafinka. Eina þeirra, sefhæna, hefur aldrei sést áður í jólatalningum.

Ástæðan fyrir aukningu tegunda var einnig sú, að nú var húsdúfa talin með í fyrsta sinn. Ætlunin er að telja húsdúfur eftirleiðis, þótt færstar þeirra teljist til villtra fugla. Á nokkrum stöðum á landinu hafa dúfur þó lagst út og haga sér eins og um villta fugla sé að ræða.

3.4.2 Einstakar tegundir

Hverri tegund fylgir stutt umfjöllun um stöðu hennar hér á landi yfir háveturinn. Stutt athugasemd fylgir síðan um útkomu úr talningunni 1988 fyrir hverja tegund.

1. Lómur *Gavia stellata*. Líklega farfugl að mestu. Strjáll á sjó, sérstaklega suðvestanlands, en sést einnig við austan- og norðaustanvert landið. -- Í talningunni sáust 19 lómar á tólf talningasvæðum. Ef gengið er út frá því, að himbrimi sé alger staðfugl, virðist aðeins sem 10-15% af íslenskum lómum hafi vetrarsetu hér við land. Þetta miðast við að íslenski himbrimastofninn sé um 300 pör, lómastofninn um 1000 pör og hlutfallslega jafnmargir lómar og himbrimar sjáist í talningu.
2. Himbrimi *Gavia immer*. Staðfugl, sem heldur sig á sjó yfir vetrarmánuðina. Sést allt í kringum land, en er algengastur við Suðvesturland. Leitar e.t.v. í einhverjum mæli út fyrir Íslandsála. -- Himbrimar sáust á 20 talningasvæðum, alls 41 fugl. Flestir himbrimar sáust á svæðinu Hafnir - Kalmanstjörn (007), 6 fuglar. Himbrimi virðist vera talsvert algengari en lómur að vetrarlagi, þrátt fyrir að lómur sé mun algengari varpfugl.
3. Flórgoði *Podiceps auritus*. Að mestu farfugl. Fáeinir fuglar sjást á sjó hér við land, einkum við Suðvesturland. -- Þrír flórgoðar sáust í Ósum (008A) og einn við Álftanes (016B).
4. Fýll *Fulmarus glacialis*. Dreifist víða um N-Atlantshaf á veturna, en sést líka allt umhverfis land, einkum útfjarða. Sést í björgum meira eða minna allan veturinn, bæði sunnanlands og norðan. Fjöldi upp við land er mjög breytilegur eftir tíðarfari. -- Fýlar sáust óvenju víða að þessu sinni, alls 2941 fuglar á 18 svæðum.
5. Súla *Sula bassana*. Að mestu leyti farfugl, en þó sést slæðingur af súlum á veturna, einkum við landið sunnanvert, þótt þær sjáist einnig fyrir norðan. -- Tvær súlur sáust í Vestmannaeyjum (406A) og ein fyrir botni Skjálfanda (221B).
6. Dílaskarfur *Phalacrocorax carbo*. Alger staðfugl, sem sést á sjó allt umhverfis land. -- Alls voru taldir 1272 dílaskarfar, flestir við Álftanes (016B), þar sem sást 151 fugl.
7. Toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*. Alger staðfugl, sem sést einkum á sjó við vesturhelling landsins. Sjaldséður við austanvert Norður- og Suðurland, svo og á Austurlandi. -- Í talningunni sáust 537 toppskarfar. Að venju voru þeir flestir við Suðvesturland, 160 toppskarfar sáust við Sandgerði (009) og 106 í Hvalfirði (025).

8. Gráhegri *Ardea cinerea*. Vetrargestur frá Skandinavíu. Strjáll við ferskt vatn og sjó. Sést aðallega á sunnanverðu landinu. -- Tólf fuglar sáust í talningunni, flestir 7 í Ölfusforum (043A). Einnig voru 2 við Sandgerði (009), 1 á Vatnsleysuströnd (013), 1 á svæðinu Straumur - Hvaleyri (014) og loks 1 við Skaftafell í Öræfum (409B).

9. Álft *Cygnus cygnus*. Að mestu farfugl, en strjálungur heldur hér til á veturna. -- Í talningunni komu fram 549 álftir, en það eru heldur færri fuglar en 1987. Þær voru flestar 103 á Reykjavíkurtjörn (017A) og 79 á Mývatni (220). Nokkur hluti álftanna (151) var aldursgreindur. Þar af voru 118 fullorðnar (78%) en 33 (22%) ungar frá sumrinu.

10. Grágæs *Anser anser*. Alger farfugl, nema hvað lítill vetrarstofn hefur byggst upp á Reykjavíkursvæðinu frá því á 6. áratugnum, en hann byggir afkomu sína á matargjöfum fólks við Tjörnina í Reykjavík. Stöku gæsir hafa vetursetu annars staðar á landinu. -- Óvenju margar grágæsir sáust nú í talningu. Langflestar voru á Reykjavíkurtjörn, 330 af þeim 395 grágæsnum sem sáust á landinu, en einnig sáust grágæsir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu, 15 á svæðinu Straumur - Hvaleyri, 26 á svæðinu Álftanes - Garðabær, 5 í Kópavogi og 9 á svæðinu Grafarvogur - Geldinganes. Utan þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu sáust 9 grágæsir við Stokkseyri (001) og 1 við Grindavík (006).

11. Blesgæs *Anser albifrons*. Fargestur sem fer um Ísland vor og haust á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi. Blesgæsir eru sárasjaldgæfar hérlandis að vetrarlagi. -- Á Reykjavíkurtjörn (017A) sáust þrjár blesgæsir í talningunni. Þetta er í annað sinn sem blesgæsir koma fram í jólatalningu.

12. Stökkönd *Anas platyrhynchos*. Staðfugl að mestu. Heldur sig bæði á sjó og fersku vatni um land allt. -- Fjöldi stökkanda var 6549. Flestar voru þær 522 við Húsavík (232B) og á nokkrum svæðum á Suðvesturlandi.

13. Brúnönd *Anas rubripes*. Sjaldséður flækingsfugl hér á landi frá N-Ameríku. - Einn karlfugl sást í Ölfusforum (043A).

14. Urtönd *Anas crecca*. Að mestu farfugl. Slæðingur af fuglum heldur sig hér á veturna, einkum á ferskvatni en minna í vogum og vikum við ströndina. -- Talin var 381 urtönd, allar á Suðvesturlandi. Langflestar þeirra, 239, sáust í Ölfusforum (043A), en því næst 65 á Vatnsleysuströnd (013) og 50 við Kópavog (053A).

15. Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. Að mestu leyti farfugl. Talsvert af fuglum dvelst vetrarlangt á svæðinu frá Borgarfirði vestur og austur í V-Skaftafells-sýslu. Er bæði á sjó, í vogum eða vikum, og inn til landsins. -- Í talningunni sáust 640 rauðhöfðaendur. Flestar voru þær við Kópavog (053A), en þar sáust 203 og 152 við Vatnsleysuströnd (013).

16. Gargönd *Anas strepera*. Að langmestu leyti farfugl, en árlega sjást hér fáir fuglar að vetrarlagi, einkum á Suðvesturlandi. -- Tvær gargendur sáust, önnur við Álftanes (016B) en hin á Reykjavíkurtjörn (017A).

17. Skutulönd *Aythya ferina*. Árviss flækingur á Íslandi. -- Einn kvenfugl sást í Ósum (008A).

18. Skúfönd *Aythya fuligula*. Farfugl að mestu, en smáhópar sjást á nokkrum stöðum á Suðvesturlandi á veturna, líklega að hluta til sömu fuglarnir sem fljúga á milli staða. -- Alls sáust 77 skúfendur, flestar á talningasvæðinu Seltjarnarnes (019), en þær voru 70. Talningamenn kyngreindu nær allar skúfendur, en alls voru 40 karlfuglar (53%) og 36 (47%) kvenfuglar.

19. Duggönd *Aythya marila*. Að mestu farfugl, en eins og skúfönd halda til hópar á Suðvesturlandi yfir veturna. Að líkindum eru þetta að einhverju leyti sömu fuglarnir sem ferðast á milli staða. -- Í talningunni sáust 78 duggendur, 77 í Ósum (008A) og ein á Mývatni (220).

20. Hvinönd *Bucephala clangula*. Vetrargestur, sem sést árvisst á sömu stöðum, einkum á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslum. -- Fimm hvinendur sáust á höfuðborgarsvæðinu (053A, 019), ein í Ósum (008A) og tvær í Lóni í Kelduhverfi (241). Af þessum fuglum voru 3 karlfuglar og ein kolla. Að þessu sinni var ekki talið á Soginu, þar sem ávallt er mest um hvinendur hérlendis að vetrarlagi.

21. Húsönd *Bucephala islandica*. Að hluta staðfugl, sem heldur sig á takmörkuðum svæðum á Suður- og Norðurlandi á veturna. -- Fjöldi húsanda var að þessu sinni 76, flestar á Mývatni (220) þar sem sáust 45, en í Lóni í Kelduhverfi (241) sáust 19 fuglar. Sogið var ekki talið þetta ár, en þar er ásamt Mývatni helsti vetrardvalarstaður húsanda hér á landi.

22. Hávella *Clangula hyemalis*. Að hluta staðfugl, en hingað koma vafalítið stórir hávelluhópar annars staðar frá til vetrarsetu. Heldur til á sjó umhverfis allt land. -- Övenju mikið sást af hávellum í talningunni, alls 6736 fuglar. Flestar voru við innanverðan Skjálfanda (221B, 232A), við Siglufjörð (237) og í Berufirði (313). Fæstir fuglanna voru kyngreindir; 57 (52%) karlfuglar og 52 (48%) kvenfuglar.

23. Straumönd *Histrionicus histrionicus*. Staðfugl, sem er á sjó allt í kringum land á veturna. -- Alls töldust 1296 straumendur. Að venju voru flestar straumendur við utanvert Tjörnes (234), þar sem nú sáust 251. Einnig bar mikið á straumöndum á nokkrum stöðum við Suðvesturland og í Berufirði (310). Um 10% fuglanna voru greindir til kyns. Þar af voru 55 (48%) steggir en 59 (52%) kollur (eða ungir karlfuglar).

24. Æður *Somateria mollissima*. Staðfugl á sjó með ströndum umhverfis allt land. -- Fleiri æðarfuglar töldust nú en nokkru sinni fyrr, alls 48824 æðarfuglar. Flestir voru þeir við Sandgerði (009) þar sem sáust 5210 fuglar. Einnig voru fjölmargir umhverfis Tjörnes.

25. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*. Strjáll vetrargestur frá norðlægari löndum og sést á sjó kringum allt land. -- Einn æðarkóngur sást við Keflavík (012), kolla ("æðardrottning") á fyrsta vetri.

26. Gulönd *Mergus merganser*. Staðfugl í öllum landshlutum. Heldur bæði til á sjó og fersku vatni. -- Í talningunni sáust 140 gulendur, flestar 32 á Mývatni (220) og 18 á sitt hvoru svæðinu suðvestanlands (042, 001). Allmargar gulandanna voru kyngreindar; 34 (61%) steggir og 22 (39%) kollur.
27. Toppönd *Mergus serrator*. Að hluta til staðfugl, sem er á sjó með ströndum fram á veturna, og sést allt umhverfis land. -- Taldar voru 562 toppendur. Flestar á einu svæði, 57, voru við Kjalarnes (038). Ekki nema 55 af fuglunum voru kyngreindir af talningamönnum. Af þeim voru 35 (64%) karlfuglar en 20 (36%) kollur. Þetta er svipað hlutfall og hjá gulönd, en steggir voru hlutfallslega fleiri hjá fiskiöndum en hjá öðrum kaföndum.
28. Fálki *Falco rusticolus*. Staðfugl, sem verður vart um land allt. -- Fálkar sáust víða, eða á 31 talningasvæði, einn eða tveir fuglar í senn. Heildarfjöldi fálka var 38. Aðeins sex fuglanna voru aldursgreindir, en þeir voru allir ungfuglar á fyrsta vetri.
29. Smyrill *Falco columbarius*. Að litlu leyti staðfugl og algengastur á suðvesturhorninu. Sést einnig í öðrum landshlutum, einkum á láglendi, bæði inn til lands og út við ströndina. -- Óvenju lítið bar á smyrlum þetta ár. Aðeins 9 smyrlar komu fram í talningu á 8 svæðum. Tveir voru brúnir, þ.e. annað hvort fullorðnir kvenfuglar eða ungfuglar.
30. Rjúpa *Lagopus mutus*. Staðfugl, sem sést um land allt. -- Alls voru taldar 164 rjúpur, langflestar við Kvísker í Öræfum (402A), þar sem sáust 75.
31. Keldusvín *Rallus aquaticus*. Sést árlega við opið ferskvatn. Talið er, að þar eigi einkum flækingsfuglar frá öðrum löndum í hlut, fremur en íslenskir fuglar. -- Aðeins eitt keldusvín sást, í Skógræktinni í Fossvogi (053B).
32. Bleshæna *Fulica atra*. Árviss flækingsfugl hér á landi. -- Bleshænur sáust á tveimur stöðum, við Hafnarfjörð (015A) og við Lauga í Reykjadal (239A), ein á hvorum stað.
33. Sefhæna *Gallinula chloropus*. Flækingsfugl frá Evrópu. -- Sefhæna sást nú í fyrsta sinn í jölatalningu. Einn fugl dvaldi mestan hluta vetrar við Höfn í Hornafirði (401I) og kom fram í talningunni (Benedikt Þorsteinsson 1991).
34. Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Að hluta staðfugl, sem heldur sig í fjörum, einkum við Vestur-, Suður- og Suðausturland. -- Í talningunni sáust 927 tjaldar. Flestir voru þeir 152 við Höfn í Hornafirði (401B) og 150 við Seltjarnarnes (019).
35. Grálóa *Pluvialis squatarola*. Flækingsfugl eða sjaldgæfur vetrar-gestur, einkum suðvestanlands. -- Tvær grálóur sáust í talningunni, önnur við Stökkseyri (002A) en hin á Húsavík (232B).
36. Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. Alger farfugl, en einstaka fuglar sjást hér að vetrarlagi. -- Stök heiðlóa sást við Kópavog (053A).

37. Fjöruspói *Numenius arquata*. Sjaldgæfur vetrargestur, sem er einkum að finna í fjörum suðvestanlands og í Hornafirði. Fuglar sem nýlega hófu að verpa hér kunna að hafa vetrarsetu á suðvesturhorninu (Whitfield, Evans & Jón Magnússon 1989). -- Fjöruspóar sáust á 3 svæðum, tveimur á Suðvesturlandi (008A, 009) og við Hornafjörð (401C), í allt 14 fuglar.
38. Lappajaðrakan *Limosa lapponica*. Flækingur eða sjaldgæfur vetrar-gestur á Íslandi. -- Haustið 1988 bar óvenju mikið á lappajaðrakönum á suðvestan- og suðaustanverðu landinu (Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1991). Í talningunni sáust fimm lappajaðrakanar á fjörum talningarsvæðum.
39. Stelkur *Tringa totanus*. Aðeins lítill hluti íslenska varpstofnsins hefur hér vetrarsetu, einkum í fjörum á Suðvesturlandi. -- Alls sást 399 stelkar, nánast allir á Suðvesturlandi. Flestir voru 64 á svæðinu Grandi - Grafarvogur (020).
40. Tildra *Arenaria interpres*. Vetrargestur í fjörum á Vesturlandi og við sunnanvert landið. -- Í talningunni sáust 1780 tildrur. Líkt og 1987 voru langflestar við Sandgerði (009), en þar sáust 700 fuglar.
41. Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Að mjög litlu leyti staðfugl en sést árlega að vetrarlagi, aðallega við opið vatn inn til landsins eða í fjörum. -- Að þessu sinni sáust 22 hrossagaukar á 9 svæðum, flestir 6 í Ölfusforum (043A).
42. Skógarsnípa *Scolopax rusticola*. Árviss flækingur hér á landi. -- Þrjár skógarsnípur sáust við Laugaból í Reykjadal (239A).
43. Rauðbrystingur *Calidris canutus*. Fargestur, en örfáir fuglar sjást hér á hverjum vetri, einkum í Hafnarfirði. -- Allir þeir 36 rauðbryst-ingar sem sáust í talningu voru á tveimur svæðum við Hafnarfjörð (014, 015A).
44. Sendlingur *Calidris maritima*. Staðfugl, en hingað koma líklega einnig erlendir fuglar. Langalgengasta tegund vaðfugla sem sést hér í fjörum að vetrarlagi. -- Alls voru taldir 9089 sendlingar. Flestir voru á svæðinu Hafnarfjörður - Álftanes (015A) þar sem sáust 2130, en við Sandgerði (009) sáust 1500 fuglar.
45. Ísmáfur *Pagophila eburnea*. Sjaldgæfur vetrargestur. -- Tveir fullorðnir ísmáfar sáust fyrir botni Skjálfanda (221B).
46. Stormmáfur *Larus canus*. Að hluta staðfugl, sem sést helst við suður- og suðvesturströndina, svo og í Eyjafirði og við Skjálfanda. -- Í talningunni sáust 10 stormmáfar á sex svæðum. Flestir voru 3 í Sandgerði (009).
47. Silfurmáfur *Larus argentatus*. Að mestu leyti staðfugl, sem heldur sig með ströndum umhverfis land allt en sést lítið við Vestfirði. -- Heildarfjöldi silfurmáfa í talningunni var 10994. Þeir voru aðallega við norðan- og austanvert landið, langflestir við Eskifjörð (309C), þar sem 8217 voru taldir, en í Seyðisfirði (304F) voru 700 fuglar.

48. Svartbakur *Larus marinus*. Að mestu staðfugl, sem heldur sig á eða við sjó allt umhverfis land. -- Taldir voru 11594 svartbakar. Flestir voru þeir 2390 við Eskifjörð (309C) og 1750 á svæðinu Geldinganes - Grafarlækur (021).
49. Hvítmáfur *Larus hyperboreus*. Að mestu staðfugl, sem er á og við sjó allt í kringum land. -- Alls voru 8480 hvítmáfar greindir til tegundar. Flestir hvítmáfar, 1314, sáust að þessu sinni kringum Seltjarnarnes (019). Á suðvesturhorninu voru víða 500 - 1000 fuglar á svæði, en mun færri annars staðar við landið.
50. Bjartmáfur *Larus glaucoides*. Algengur vetrargestur, sem sést á sjó allt í kringum land. -- Alls voru 1115 bjartmáfar greindir til tegundar í talningunni. Langflestir þeirra voru á svæðinu Stokkseyri - Eyrarbakki (002A), en þar sáust 350 bjartmáfar. Þetta er óvenjuleg dreifing, sem fyrst varð vart við árið 1987, en flestir bjartmáfar sjást jafnan við Reykjavík (sjá Ævar Petersen & Gauk Hjartarson 1989).
51. Hettumáfur *Larus ridibundus*. Að hluta staðfugl. Sést mest við Suðvesturland og á Norðurlandi. Sést lítið sem ekkert við Vestfirði. -- Í talningunni sáust 905 hettumáfar. Þeir voru flestir við Reykjavík, t.d. 285 á svæðinu Geldinganes - Grafarlækur (021).
52. Rita *Rissa tridactyla*. Dreifist víða um N-Atlantshaf á veturna og sést allt umhverfis land. Fjöldi rita upp við land, þar sem allar talningar fara fram, er mjög mismikill eftir veðurlagi. -- Ritur sáust á 8 talningasvæðum, alls 72 fuglar. Flestar voru þær við Akureyri, þar sem voru 40 fuglar á svæði 206A. Á Ólafsfirði (233A) töldust 14 ritur.
53. Haftyrðill *Alle alle*. Vetrargestur frá norðlægum slóðum. Sjófugl, sem er algengastur við Norður- og Austurland. -- Í talningunni sáust 6 haftyrðlar á 5 talningasvæðum.
54. Álka *Alca torda*. Tegund sem flakkar víða um N-Atlantshaf á veturna. Sést á sjó umhverfis allt land, en fuglarnir eru mjög mismargir fast við land eftir veðurlagi. -- Að þessu sinni sáust óvenju margar álkur, eða alls 319. Þar munaði langmest um þá 216 fugla sem sáust umhverfis Seltjarnarnes (019), en einnig sáust yfir 20 álkur á nokkrum öðrum svæðum á Suðvesturlandi.
55. Stuttnefja *Uria lomvia*. Sést allt umhverfis land en í mjög litlum mæli. Heldur mest til langt úti á hafi. -- Fimm stuttnefjur sáust, 3 við Akureyri (206A, 208F) og 2 í Berufirði (310).
56. Langvía *Uria aalge*. Heldur til á rúmsjó og sést allt umhverfis land, en mjög mismargar sjást fast við ströndina. -- Alls voru greindar til tegundar 8 langvíur á 4 talningasvæðum.
57. Teista *Cephus grylle*. Að mestu staðfugl, sem sést allt umhverfis land. -- Í talningunni sáust 539 teistur, en það eru fleiri teistur en áður hafa sést í jölatalningum. Flestar, 50 fuglar, voru á svæðinu Ölfusárós - Þorlákshöfn (045A). Á 2 svæðum við Tjörnnes sáust yfir 40 teistur hvoru um sig (223, 234). Tólf teistur voru aldursgreindar, og reyndust þær allar fullorðnar.

58. Húsdúfa *Columba livia "domestica"*. Þessi tegund er nú talin með í fyrsta sinn. Hún var upphaflega flutt inn og lifir aðallega hálfvillt við mannabústaði. Dúfur hafa orpið á nokkrum stöðum utan þéttbýlis, eins og um villta fugla sé að ræða. Lítið er vitað um útbreiðslu dúfna í landinu, og er þess óskað, að athugendur skrái dúfur eftirleiðis. Hingað til hafa fæstir athugendur skráð dúfur á talningaskýrslur, enda hafa þeir ekki verið hvattir til þess sérstaklega. Að þessu sinni eru tölur um húsdúfur væntanlega marklitlar á heildina lítið, enda má gera ráð fyrir að fæstir athuganda hafi skráð þær dúfur sem þeir sáu.

59. Brandugla *Asio flammeus*. Að mestu leyti farfugl, en sést þó í einhverjum mæli á veturna. -- Þrjár branduglur sáuð ofan við Varmahlíð í Skagafirði (126A) og ein við Lauga í Reykjadal (239A).

60. Silkitoppa *Bombycilla garrulus*. Flækingsfugl, sem á það til að flakka í hópum út fyrir venjubundin vetrarheimkynni, þ. á m. til Íslands. -- Tíu silkitoppur sáuð á 3 talningasvæðum, 8 í Hafnarfirði (057), 1 á Húsavík (232B) og 1 við Skóga undir Eyjafjöllum (405).

61. Músarrindill *Troglodytes troglodytes*. Staðfugl, sem sést víða um land, bæði við ströndina og í lágsveitum. -- Í talningunni sáuð 88 músarrindlar. Flestir sáuð á Vatnsleysuströnd (013), en þar voru taldir 15 fuglar.

62. Glóbrystingur *Erithacus rubecula*. Flækingsfugl frá Evrópu. -- Einn glóbrystingur sást á Siglufirði (237).

63. Svartþröstur *Turdus merula*. Vetrargestur frá Evrópu og sést víða í gördum eða við sveitabýli um land allt. -- Alls sáuð 36 svartþrestir í talningunni á 21 svæði, hvergi fleiri en 5 fuglar á svæði. Auðvelt er að kyngreina svartþresti. Af þeim sem voru kyngreindir voru 14 karlfuglar (56%) en 11 kvenfuglar (44%). Ennfremur er hægt að greina karlfuglana í ungfugla á fyrsta ári (5, 56%) og eldri (4, 44%).

64. Gráþröstur *Turdus pilaris*. Vetrargestur, sem kemur frá Evrópu, og sést um land allt. -- Á Húsavík (232B) sáuð 16 gráþrestir, en annars staðar voru þeir mun færri. Heildarfjöldi gráþrasta í talningunni var 42.

65. Skógarþröstur *Turdus iliacus*. Að hluta staðfugl, sem er algengastur í þéttbýli á Suðvesturlandi og Mið-Norðurlandi. Stakir fuglar sjást endrum og eins í öllum landshlutum. -- Taldir voru 265 skógarþrestir. Í Skógræktinni í Fossvogi (053B) voru 82, 40 við Skóga undir Eyjafjöllum (405) og 35 fuglar á Selfossi (055). Annars staðar voru þeir færri.

66. Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*. Að mestu leyti staðfugl. Langalgengasta spörfuglstegund hér á veturna og sést um land allt. -- Heildarfjöldi snjótittlinga í talningunni var 22739. Flestir voru þeir á Húsavík (232B), þar sem töldust 2200 fuglar. Í Reyðarfirði (309E) voru taldir 1317 snjótittlingar.

67. Bókfinka *Fringilla coelebs*. Flækingsfugl, sem hefur orpið hér nokkrum sinnum á undanförunum árum. -- Ein bókfinka hafði vetrarsetu á Húsavík (232B) og kom þar fram í talningu.

68. Fjallafinka *Fringilla montifringilla*. Flækingur, sem hefur orpið hér í auknum mæli á undanförunum árum. -- Fjallafinka sást á Höfn í Hornafirði (401I).

69. Auðnutittlingur *Acanthis flammea*. Staðfugl, sem sést um land allt, einkum þar sem er birkikjarr eða skógrækt. -- Övenjumargir auðnutittlingar komu fram í talningunni, eða alls 434 fuglar. Þeir voru langflestir í Skaftafelli í Örfæmum (409B), þar sem sáust 250 fuglar.

70. Stari *Sturnus vulgaris*. Staðfugl, en auk þess koma hingað vetrargestir erlendis frá. Sést endrum og eins um land allt, en er hvergi að staðaldri nema á Suðvestur-, Suður- og Suðausturlandi. -- Í talningunni komu fram 1250 starar. Að venju voru flestir þeirra á Suðvesturlandi og sáust t.d. 520 fuglar á svæðinu Geldinganes - Grafarlækur (021). Talsvert miklu máli skiptir hvenær talið er í Skógræktinni í Fossvogi, þar sem starar af mestöllu höfuðborgar-svæðinu hópast til að náttu sig. Ef talið er rétt undir myrkur, eru þar mun fleiri fuglar en á miðjum degi.

71. Hrafn *Corvus corax*. Staðfugl, sem sést um land allt. -- Í talningunni sáust 680 hrafnar. Þeir voru flestir 143 í Eskafirði (309C). Á einu svæði (021) við Reykjavík sáust 95 fuglar.

3.4.3 Ógreindir fuglar

Tæplega 1% talinna fugla eru ógreindir að þessu sinni. Einkum vefst fyrir mönnum að greina skarfa og stóra máfa, helst ungfugla. Eftirtaldir fuglar urðu ekki greindir til tegundar.

Ógreindir brúsar. Sex brúsa tókst ekki að greina.

Ógreindir skarfar. Ekki tókst að greina 146 (7,5%) af þeim 1955 skörfum sem sáust í talningunni.

Ógreindur vaðfugl. Í Sandgerði (009) sást vaðfugl sem ekki náðist að greina til tegundar. Athugandi taldi fuglinn annaðhvort heiðlóu eða rauðbrýsting.

Ógreindir máfar. Fjöldi ógreindra máfa var 1195 að þessu sinni. Það er 3,5% af öllum máfum sem sáust í talningunni.

Ógreindir svartfuglar. Níu svartfuglar voru ekki greindir.

4 LEIÐRÉTTINGAR VIÐ SKÝRSLU 1987

HÖFN Í HORNAFIRÐI: Talningasvæðið var nefnt númer 401B í skýrslu 1987, en réttara er að gefa því númerið 401I, enda var talið á nokkuð annan hátt en áður. Lýsing á 401I er sem hér segir:

401I: Ósland, Álaugarey, Ægissíða, nágrenni Ránarslóðar upp að heilsugæslustöð.

KVÍSKER Í ÖRÆFUM: Í skýrslunni 1987 var svæðið númerað 402. Hentugra er að skipta svæðinu í tvennt, annars vegar landsvæði, þ.e. umhverfi bæjarins að Kvískerjum ásamt heiðalöndum upp af bænum, og hins vegar strandsvæði, þ.e. lækir og sandar sjávarmegin bæjar og meðfram sjó. Svæðislýsingar fyrir þessi tvö svæði eru sem hér segir:

402A: Umhverfi bæjar að Kvískerjum, um Bæjarsker og Eystri-Hvamm, gáð í Múlagljúfur, Heiði og Arnarbæli.

402C: Þjóðvegur neðan Kvískerja, meðfram lækjum og Vattará, fjaran milli Síkis og Fjallsáróss, ásamt Grjótfjöru.

SKAFTAFELL Í ÖRÆFUM: Talningasvæðið var kallað númer 409 í 1987 skýrslunni. Réttara er að gefa því nýtt númer, 409B, enda var ekki farið að Morsárjökli í það sinn, sbr. lýsingu á 409 í skýrslu 1987 (bls. 42). Svæðislýsing á 409B er sem hér segir:

409B: Skaftafellsbrekkur eingöngu, þ.e. Heimabrekkur, Vesturbrekkur og Austurbrekkur, inn að brú á Morsá.

HEIMILDIR

- Benedikt Þorsteinsson 1991. Sefhæna vetrargestur á Höfn. Bliki 10: 61-62.
 Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þránínsson & Erling Ólafsson 1991. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1988. Bliki 10: 15-50.
 Whitfield, D.P., A.D. Evans & Jón Magnússon 1989. Fjöruspói finnst verpandi hérlendis. Bliki 8: 3-6.
 Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.

ELDRI YFIRLIT OG GREINAR UM JÓLATALNINGAR

Talningayfirlit

Talning 1972:

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]. Fuglatalning 26.12.1972. Suðvesturland. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1973b]. Fuglatalning 26.12.1972. Stöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 7 bls.

Talning 1973:

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974a]. Fuglatalning 30.12.1973. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1974b]. Fuglatalning 30.12.1973. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 4 bls.

Talning 1974:

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975a]. Fuglatalning 29.12.1974. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands [1975b]. Fuglatalning 29.12.1974. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 4 bls.

Talning 1975:

- Náttúrufræðistofnun Íslands [1976]. Fuglatalning 28.12.1975. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978a. Fuglatalning 28.12.1975. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.

Talning 1976:

- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978b. Fuglatalning 26.12.1976. Suðvesturland. Fjölrit. 6 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978c. Fuglatalning 26.12.1976. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.

Talning 1977:

- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978d. Fuglatalning 26.12.1977. Suðvesturland. Fjölrit. 5 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1978e. Fuglatalning 26.12.1977. Talningastöðvar utan Suðvesturlands. Fjölrit. 5 bls.

Talning 1978:

- Náttúrufræðistofnun Íslands 1979. Fuglatalning 26.12.1978. Suðvesturland. Fjölrit. 4 bls.

Talning 1987:

- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.

Almennar greinar

Moe, M.L. 1957. Iceland's first Christmas Count. *The Atlantic Naturalist* 12(3): 89-91. [Íslensk þýðing í *Blika* (1983) 2: 60-62].

Ævar Petersen 1982. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. *Bliki* 2: 28-42.

SUMMARY

The Icelandic Christmas Bird Count: Results for 1988

by

Ævar Petersen, Icelandic Museum of Natural History, P.O. Box 5320, 125 Reykjavík, &

Gaukur Hjartarson, Hjarðarhóli 20, 640 Húsavík.

The 1988 annual Christmas Bird Count took place on 26 December, the 37th such count which is organized by the Icelandic Museum of Natural History.

The basic results from the count are presented in nine tables (Tabs 1-9). The page opposite each table corresponds to that table, and contains a regional map showing the location of census areas, the respective area codes, locality names, and observers' names. About a fourth of the areas were counted on other days than the 26th. If so, the date is mentioned.

This time 86 routes were covered, four more than the record number during the 1987 Christmas Bird Count (cf. Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989).

The number of species recorded was 71, more than ever before. The number of birds involved was also record high, or 144669. Anatids were 66320 (46% of the total), waders 12279 (8%), gulls 34367 (24%), passerines 25547 (18%), while residual bird groups made up 6156 (4%). The proportions between groups were similar as in 1987, except for the large increase in passerines. This was mainly due to the large numbers of Snow Buntings *Plectrophenax nivalis*, which flocked into residential areas and on coasts, where most of the census areas are found.

The Eider *Somateria mollissima* was the single most common species by far, 48824 birds, constituting 34% of the total, followed by the Snow Bunting, with 22739 (16%), then the Great Black-backed Gull *Larus marinus*, with 11594 birds (8%).

The combined total number of birds of each species, is compiled in Tab. 10. Only the Icelandic species names are given in Tabs 1-9. Non-Icelandic readers, who wish to make use of the data, can do so by referring to Tab. 10 (p. 27) where the scientific names are given besides the Icelandic ones. Short accounts are given of the 1988 data and the mid-winter status of each species.

Earlier reports cover the years 1972-1978 (Náttúrufræðistofnun Íslands [1973a]-1979) and 1987 (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989). They can be obtained from the Museum, as well as older papers dealing with Christmas Bird Counts in Iceland (p. 37).